

Staðreyndir um TS

- Hefur ekki áhrif á greindarvísitölu.
- Byrjar yfirleitt um 5-7 ára aldur en greinist oftast ekki fyrr en við 9-10 ára aldur.
- U.þ.b. 1% af nemendum þjást af TS þó flestir þeirra séu án greiningar. Margir hafa enga vitneskju um að erfiðleikar þeirra stafi af TS.
- Er venjulega greint af barnalækni og/eða heila-og tauga-sérfræðing.
- Einkenni og alvarleiki er breytilegur milli einstaklinga.
- Er taugafræðileg röskun sem einkennist af kækjum.
- Einungis 10% af einstaklingum með TS þjást af soratali (coprolalia).

Hvað eru kækir?

- Kækir koma og fara, geta verið mismunandi flóknir, alvarlegir og algengir.
- Kækir eru ósjálfráðar hreyfingar og hjóð og eru EKKI til að sækjast eftir athygli.
- Geta stoppað á tímabilum en birtast aftur og þá etv. með nýjum og breyttum kækjum.
- Geta verið fyrirsjáanlegir.
- Geta aukist við álag, streitu og spennu en minnka oftast við slökun og einbeitingu.
- Lýsa sér í óviðráðanlegri þörf (t.d. hversu auðvelt finnst þér að bæla niður hnerra, hundska kláða eða hósta?)

Hvernig birtast kækirnir?

Hreyfikækir: Blikka augum, snerta, bita, lemja, lykta af hlutum, sjálfsmeiðingar (kroppa í sár, lemja sjálfan sig, bita sjálfan sig, slíta af sér augnhár). Stundum kynferðisleg snerting á sjálfum sér eða öðrum.

Hljóðakækir: hósta, lykta, ræskja sig, flauta, skrækja, hrækja, framleiða dýrahljóð, endurtaka orð/frasa án samhengis, bergmálstal (echolalia), soratal (coprolalia, á einungis við í um 10% tilfella TS).

Einstaklingur sem þjást af Tourette líður mun meira fyrir ástandið en umhverfið í kringum hann.

Mikilvægt er fyrir kennara að reyna að skilja aðstæður barna með Tourette og hvernig sjúkdómurinn hefur áhrif á líf þeirra, störf og líðan.

Samantekt: Elín Hoe Hinriksdóttir
sérkennsluráðgjafi.



Tourette Syndrome (TS)

Almennar upplýsingar fyrir kennara



Athyglisbrestur

- Skert athygli.
 - Lýkur ekki við verkefni.
 - Truflast auðveldlega.
 - Tekur illa eftir.
 - Á iði.
 - Hvatvís.
-
- Tilfinningaleg sjálfssefjun - einbeiting það mikil við að bæla niður kæki að lítil sem engin athygli beinist að náminu.
 - Seinkuð athygli.
 - Skert vinnsluminni.
 - Viðbragðsseinkun.
 - Skipulagserfiðleikar.
 - Slök tímastjórnun.
 - Lítið frumkvæði í verkefnum.
 - Kækir í augum, höfði eða hálsi geta truflað lestur.
 - Hreyfikækir geta truflað skrift.
 - Tregi til að svara spurningum, lesa upphátt eða biðja um aðstoð þegar um hljóða-eða hreyfikæki er að ræða.

Hindranir í námi

Aðrir áhrifapættir

- Lágt sjálfsmat.
- Tjáningarerfiðleikar.
- Slæm félagshæfni.
- Félagsleg einangrun.
- Þunglyndi.
- Svimi/lyfirið.
- Reiði eða perringur.

Ráð til kennara

- Kynning á Tourette fyrir nemendum og starfsfólki skólans.
- Ekki er hægt að stjórna kækjum hvorki með verðlaunum, fyrirmælum né refsingum.
- Forðist að bregðast við kækjunum, það eykur líkurnar á að þeir aukist.
- Tourette orsakast ekki af vanrækslu né slæmu uppeldi. Ástæðurnar eru líffræðilegar.
- Börn verða einbeittari ef þau þurfa ekki að nota alla sína krafta í að bæla niður kæki. Að bæla niður kæki eykur kvíða og líkur á slæmum námsárangri.
- Forðist að láta barnið sitja þar sem það getur auðveldlega orðið fyrir truflunum s.s. við glugga eða þar sem kækir hafa truflandi áhrif t.d. í miðjum bekknum.
- Útvegið athvarf fyrir barnið þar sem það getur fengið útrás fyrir kækina.
- Látið börn með Tourette sitja framarlega í kennslustofunni þar sem það getur aukið athygli þeirra.
- Þjóðið upp á regluleg hlé.
- Ekki láta slæma skrift hafa áhrif á verkefni, kækir gera skrift oft mjög erfiða.
- Skiptið lengri fyrirmælum niður í smærri einingar.
- Athugið hvort barnið sé á lyfjum þar sem þau geta skapað þreytu og orkuleysi.
- Gefið lengri tíma til að ljúka verkefnum.

Samantekt: Elín Hoe Hinriksdóttir
sérkennsluráðgjafi.

- Fáid getumikla vinnufélaga fyrir barnið.
- Mikilvægt er að hafa góð samskipti milli heimilis og skóla þar sem einkenni geta komið fram á mismunandi hátt og verið mismikil í skóla og heima.
- Minnkið kröfur þar sem verkefni taka oft lengri tíma fyrir einstaklinga með TS, sérstaklega þegar um er að ræða lestur og skrift.
- Einstaklingsnámsskrá þarf að taka tillit til TS.
- Fjarlægð óþörf verkfæri af kennsluborðinu til að koma í veg fyrir truflun.
- Notið verkefnablöð þar sem lítillar skriftar er krafist.
- Setjið upp verksamning milli kennara og nemandar. Þetta hjálpar til við að öðlast yfirsýn og setja sameiginleg markmið.
- Venjulega eru kækir mun verri heima en í skólanum þannig að heimalærdómur getur reynst erfiður. Nemandinn er oft mjög þreyttur eftir daginn en það tekur á að bæla niður kækina á skóla-tíma.
- Útvegið rólegt umhverfi/athvarf sem hægt er að leita í sérstaklega þegar álagið er mikið í skólanum, t.d. kringum próf.

